

## Landsmót Kiwanis í golfi 2011

Landsmót Kiwanis í golfi var haldið á Þorláksvelli í Þorlákshöfn sunnudaginn 19. júní síðastliðinn og var ræst út frá kl. 10:00. Mótið tókst vel í alla staði, stíf gola var á meðan á mótinu stóð en veður gott að öðru leiti. Fyrirkomulag mótsins var hefðbundið og var keppt í tveimur flokkum karla og gestaflokkum. Ekki var keppt í kvennaflokkum þar sem aðeins ein kona tók þátt í mótinu og keppti hún í gestaflokknum. Keppendur voru alls 32 og luku þeir allir keppni, 28 Kiwanisfélagar og 4 gestir. Keppendur fengu humarsúpu og brauð að móti loknu sem var innifalið í 4.000 kr. þátttökugjaldi. Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson tók þátt í mótinu og sá um verðlaunaafhendingu í mótslok. Verðlaunagripir voru fengnir hjá Sigurði Péturssyni í Ísspor og er honum þakkað hans framlag til mótsins sérstaklega.

Úrslit í mótinu voru eftirfarandi.

### 1. flokkur karla án forgjafar (- 20)

1. sæti	Guðlaugur Kristjánsson	Eldey	76 högg og er hann Kiwanismeistari 2011
2. sæti	Hlynur Stefánsson	Helgafell	85 högg
3. sæti	Hrafn Sabir Khan	Eldey	85 högg

*Þar sem Hlynur og Hrafn Sabir voru á sama skori fór fram bráðabani þar sem Hlynur sigraði.*

### 1. flokkur karla með forgjöf (- 20)

1. sæti	Arnsteinn Ingi Jóhannesson	Helgafell	80 högg nettó
2. sæti	Ragnar Guðmundsson	Helgafell	81 högg nettó
3. sæti	Jóhannes Þór Sigurðsson	Helgafell	82 högg nettó

### 2. flokkur karla án forgjafar (20,1 - 36)

1. sæti	Helgi Guðmundsson	Eldey	97 högg
2. sæti	Steingrímur Steingrímsson	Hraunborg	98 högg
3. sæti	Jón Kjartan Sigurfinnsson	Höfði	99 högg

### 2. flokkur karla með forgjöf (20,1 - 36)

1. sæti	Kristján Sveinsson	Esju	80 högg nettó
2. sæti	Eyjólfur Sigurðsson	Heklu	80 högg nettó
3. sæti	Ólafur Guðmundsson	Ölver	81 högg nettó

*Þar sem þeir Kristján og Eyjólfur voru á sama skori nettó, voru seinni 9 holurnar látnar ráða.*

### Gestaflokkur með forgjöf

1. sæti	Ragnar Haraldsson		82 högg nettó
2. sæti	Bryndís Hinriksdóttir		82 högg nettó
3. sæti	Magnús Joachim Guðmundsson		83 högg nettó

*Þar sem þau Ragnar og Bryndís voru á sama skori nettó, voru seinni 9 holurnar látnar ráða.*

Í klúbbakeppninni sigraði Eldey á 258 höggum og Helgafell í öðru sæti á 264 höggum. Mætingabíkarinn að þessu sinni fékk Helgafell, en 10 félagar kepptu frá þeim.

Næst holu á 3. braut, Sigurjón Hinrik Adolfsson, Helgafelli, 12,73 metra frá holu.

Næst holu á 16. braut, Arnsteinn Ingi Jóhannesson, Helgafell, 3,50 metra frá holu.

Lengsta teighögg á 8. braut, Ragnar Guðmundsson, Helgafelli.

Mótstjórn þakkar þátttakendum fyrir góðan dag, og öllum þeim sem komu að þessu móti á einn eða annan hátt innilega fyrir þeirra framlag.

Kiwaniskveðja

Guðmundur Baldursson, mótsstjóri